



Alþingi  
Nefndasvið  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

4. mars 2019

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, burðarpokar), 512. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið en í því eru lögð til tölulegum markmið um árlega notkun burðarpoka úr plasti og að óheimilt verði að afhenda burðarpoka, þ.m.t. burðarpoka úr plasti, án endurgjalds á sölustöðum vara, að gjaldið verði sýnilegt á kassakvittun og að óheimilt verði að afhenda burðarpoka úr plasti, hvort sem er gegn gjaldi eða ekki á sölustöðum vara frá og með 1. júlí 2021.

Samtökin tóku þátt í starfi hóps á vegum umhverfis- og auðlindaráðherra um hvernig draga mætti úr notkun plastpoka en hópurinn skilaði niðurstöðum árið 2016. Á meðal tillagna hópsins var annars vegar bann við afhendingu burðarpoka án endurgjalds og hins vegar gjald á burðarpoka. Þannig yrði eftir tiltekinn tíma fest í lög að óheimilt verði að afhenda burðarpoka án endurgjalds og jafnframt kveðið á um að slíkt gjald yrði sýnilegt á kassakvittun. Óháð nauðsynlegum lagabreytingum var verslunin hvött til að leggja strax gjald á alla burðarpoka og að hafa tiltæka aðrar lausnir en notkun einnota burðarpoka til að koma vörunni heim. Að mati hagsmunasamtaka verslunarinnar voru þessar tillögur best til þess fallnar að ná fram nauðsynlegri hugarfarsbreytingu á þessu sviði, hvort sem það varðar verslun eða neytendur.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan hafa fjölmargar verslanir hafa þegar gripið til aðgerða til að skipta út einnota burðarpokum fyrir fjölnota burðarpoka og pokum úr öðrum lífbrjótanlegum efnum. Samtökin ítreka það sem áður hefur komið fram í umsögnum þeirra um sambærileg mál að mikilvægt er að horfa til heildarumhverfisáhrifa vöru þegar opinberir aðilar ákveða að beita stjórnsýsluáðgerðum til að stýra neyslu í þágu umhverfisnefndar. Þröngt sjónarhorn, t.d. ef eingöngu er horft til enda lífsferils, getur orðið til þess að umhverfisáhrif falli af meiri þunga fyrir í lífsferlinu, s.s. við framleiðslu eða flutninga. Einnig þarf að bera vöruna saman við staðgengilsvöru og meta hvað kemur í staðinn. Vísast hér að öðru leyti til umfjöllunar um athugasemdir samtakanna í greinargerð frumvarpsins, sbr. 5. kafli þess.

Samtökin telja nauðsynlegt að skýra greinarmun í efnisákvæðum b- og c-lið 4. gr., þ.e. annars vegar bann við afhendingu *burðarpoka án endurgjalds* og hins vegar bann við afhendingu *burðarpoka úr plasti*, en munurinn er ekki ljós. Hér má vísa til upplýsingasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem spurningum um bann við burðarplastpokum er svarað en samtökin telja æskilegt að í nefndarálitum verði gerð grein fyrir þeim mun sem er á efnisákvæðunum.



Verzlunarfyrirtæki skipuleggja innkaup rekstrarvara með nokkrum fyrirvara og hafa þegar keypt inn töluvert magn af burðarpokum í samræmi við rekstraráætlanir enda hafa magninnkaup með góðum fyrirvara jafnan reynst hagkvæm. Það er verulegt álitamál hvort nokkurn tíma muni reynast forsendur til innheimtu gjalds vegna afhendingar s.k. hnútapoka. Fyrirtækin standa því að óbreyttu frammi fyrir því að farga nokkrum birgðum af pokum sem þegar eru til. Það yrði ekki til þess að stuðla að því að frumvarpið nái tilgangi sínum. Til þess að gera fyrirtækjunum fært að koma pokunum í not, vinna gegn sóun verðmæta og stuðla að góðri sátt um efni frumvarpsins leggja samtökin til að gildistöku b-liðar 4. gr. frumvarpsins verði frestað til 1. september 2019.

Samtökin ítreka að mikið hefur áunnist á undanförunum áratugum héraendis og í alþjóðlegu samstarfi um umgengi á hafi og aðgerðum gegn plastnotkun. Í frumvarpinu og greinargerð með því er ekki fjallað um hvaða áhrif bann við burðarpokum úr plasti kann á að hafa á umhverfið s.s. vegna annarra lausna sem þá þarf að grípa til. Mikilvægt er að slíkt hagsmunamat liggi fyrir þegar teknar eru frekari ákvarðanir um aðgerðir.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson  
f.h. SA

Lárus M. K Ólafsson  
f.h. SI

Benedikt S. Benediktsson  
f.h. SVP